



# SÁLF3RS05(1)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Réttarsálfræði  
Námsáætlun

Vorönn 2024

Kennari:	<b>Erla Brímdís Birgisdóttir (EBB)</b> erla@fsu.is
----------	----------------------------------------------------

## Áfangalýsing:

Viðfangsefni áfangans er það sérvið sálfræðinnar sem kallast réttarsálfræði (forensic psychology). Réttarsálfræði er hagnýting sálfræðilegrar þekkingar í réttarfarslegum tilgangi, hvort sem hann varðar rannsóknir mála, yfirheyrslur, réttarhöld eða dóma. Áfanginn á að gefa yfirlit þessara þátta og er sérstaklega unnið með raunveruleg mál. Áhersla er lögð á að þjálfarar nemendur í vinnslu gagna, að draga fram aðalatriði, greina dæmin og koma þeim skilningi á framfæri. Einnig er mikilvægt að nemandi geti ályktað um önnur sambærileg dæmi út frá því sem unnið er með í tímum, t.d. varðandi stöðu mála á Íslandi ef unnið er með erlend mál og öfugt. Nemendur vinna bæði með mál einstaklinga, para og sérstaklega hópa sem sýna sterka frávíkshæðun sbr. „cult“.

**Undanfari:** SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum.

## Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- undirstöðum réttarsálfræðinnar, bæði í afbrigðasálfræði, lögfræði og í afbrotafræði
- sögu réttarsálfræðinnar
- helstu kenningum fræðigreinarinnar
- sérkennum réttarsálfræðinnar og þeim sérstöku aðferðum sem hún beitir
- þeim grunnatriðum sem réttarsálfræðin fær frá öðrum greinum

**Leikniviðmið** - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- vinna með helstu grunnhugtök réttarsálfræðinnar
- þekkja helstu mál réttarsálfræðinnar
- afla upplýsinga, greina þær og geta sett fram á skiljanlegu máli
- meta nýjar upplýsingar og fréttir á sviði réttarsálfræðinnar

**Hæfniviðmið** - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr einstökum dæmum og leggja sjálfstætt mat á þau
- sýna sjálfstæði, t.d. frumkvæði við að velja sér verkefni og vinna að þeim á ábyrgan máta
- álykta um gæði og galla þeirra heimilda sem unnið er með
- leggja siðferðilegt mat á þau alvarlegu mál sem nemendur vinna með

**Námsefni:**

- Efni frá kennara s.s.
  - ljósrít,
  - myndbönd
  - hlaðvörp
  - gögn á netinu o.fl.,

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 -	1. janúar - 5. janúar	- Kennsla hefst	
2 - 3	8. janúar – 19. janúar	- Námsáætlun áfangans kynnt - Hvað er réttarsálfræði - Réttarsálfræði – sagan, frumkvöðlar	Tímaverkefni Hópverkefni
4 - 5	22. janúar – 2. febrúar	- Persónuleikaraskanir - Annað efni frá kennara	Tímaverkefni Podcast-verkefni
6 - 7	5. febrúar – 16. febrúar	- Afbrot - Einkenni og flokkun afbrotamanna - Árásarhneigð - orsakir  - Költ og Incels	Tímaverkefni Hópverkefni
8 -	19. febrúar - 23. febrúar	Vetrarfrí 19.-20. febrúar	Skráp í seinni tímanum
9 - 10	26. febrúar - 8. mars	- Rofinn persónuleiki  Kátir dagar 28.-29. febrúar Flóafár 1. Mars Áfangamessa 7. mars Miðannarmat 8. mars	Tímaverkefni  <b>1. <u>próf</u></b>

11 - 12	11. mars – 22. mars	- Áræðanleiki og minnið Valdagur 13. mars	Podcast – falskar játningar Tímaverkefni
13 - 14	25. mars – 5. apríl	Páskafri – skóli hefst 2. apríl  - Líkamstjáning	Hópverkefni Tímaverkefni
15 - 16	8. apríl – 19. apríl	- Falskar játningar - Blekkingar - Yfirheyrslur	Tímaverkefni
17-18	22. apríl – 3. maí	- Ofbeldi í nánnum samböndum - Eltíhrellar - Annað efni	Tímaverkefni  <b>2. <u>próf</u></b>
19 -	6. maí – 10. maí	Vinna í lokaverkefni Síðasti kennsludagur 8. maí	Skráp/Sjúkrapróf  Síðustu skil á tímaverkefnum  Skil á lokaverkefni

### Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að bæði prófin og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá, þó hvetur kennari hvetur nemendur til að vera í sambandi við sig ef eitthvað kemur uppá.

**Námsmat:**

<b>Námsþáttur</b>	<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Kaflapróf	2. próf á önninni	40%
Tímaverkefni	Word skjal með öllum tímaverkefnum annarinnar, PPT verkefni, podcast verkefni ofl.	30%
Verkefni	Verkefni um glæpapör	10%
Verkefni	Líkamstjáningarverkefni	10%
Verkefni	Verkefni um játningar	5%
Ástundun	Virkni, mæting og þátttaka	5%
<b>Samtals</b>		<b>100%</b>

**Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og í Innu.**

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar**